

Úrskurður
úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála
í máli nr. 6/2010
Fjarski ehf.
gegn
Póst- og fjarskiptastofnun

I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með kæru, dags. 19. október 2010, kærði Fjarski ehf. (hér eftir nefndur kærandi) ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir nefnd PFS) nr. 27/2010, varðandi gildissvið 36. gr. fjarskiptalaga um eftirlit PFS með fjárhagslegum aðskilnaði Fjarska og aðild Skipta hf. (hér eftir Skipti) að því máli, dags. 22. september 2010. Kærandi krefst þess aðallega að úrskurðarnefnd felli úr gildi þá niðurstöðu PFS að Skipti eigi aðild að umræddu máli. Til vara krefst kærandi þess að aðild Skipta og aðgangur að gögnum verði takmarkaður við upplýsingar er varði ekki fjárhags-, viðskipta-, eða samkeppnislega hagsmuni kæranda. Að öðru leyti gerir kærandi ekki athugasemdir við hina kærðu ákvörðun.

PFS krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað og hin kærða ákvörðun staðfest

II. Helstu málsatvik

Með bréfi, dags. 5. maí 2009, óskaði fyrirtækið Skipti eftir því við PFS að stofnunin beitti 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 gagnvart kæranda og krafðist fyrirtækið þess að kærandi birti ósamandregna ársreikninga fyrir árið 2007 og eftirleiðis auk þess sem PFS legði sömu kvaðir á kæranda um fjárhagslegna aðskilnað og PFS hefði lagt á Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. með ákvörðun nr. 32/2008, eftir því sem við gæti átt.

PFS óskaði í kjölfar bréfs Skipta eftir ítarlegum upplýsingum frá kæranda um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi hans frá annarri sérleyfisbundinni starfsemi félagsins eða annarra félaga innan sömu samstæðu. Kærandi sendi PFS umbeðnar upplýsingar en lagðist gegn kröfu Skipta um að PFS hlutaðist til um fjárhagslegan aðskilnað félagsins. Kærandi óskaði eftir að farið yrði með öll gögn og upplýsingar sem send voru PFS sem trúnaðarmál. Skipti hafa hins vegar krafist aðgangs að öllum þeim gögnum sem Fjarski hefur sent PFS vegna málsins á grundvelli 15. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, þar sem Skipti teljist aðili máls í skilningi laganna. Gögnin verði þá eftir atvikum afhent Skiptum með yfirstrikunum

varðandi trúnaðarupplýsingar, svo unnt væri að taka afstöðu til þess hvort krefjast yrði frekari gagna.

Með bréfi PFS til kæranda, dags. 5. janúar 2010, var honum tilkynnt að stofnunin liti svo á að Skipti væri aðili að umræddu stjórnarsýslumáli og ætti af þeim sökum rétt til aðgangs að gögnum málsins. Kærandi telur Skipti hins vegar ekki vera aðila málsins og hefur lagst gegn því að félaginu verði afhent þau gögn sem kærandi hefur afhent PFS.

Eftir frekari bréfaskrif milli aðila tók PFS síðan hina kærðu ákvörðun, þar sem stofnunin komst m.a. að þeirri niðurstöðu að Skipti ætti aðild að umræddu stjórnarsýslumáli um beitingu 36. gr. fjarskiptalaga um fjárhagslegan aðskilnað Fjarska gagnvart öðrum fyrirtækjum innan þeirrar fyrirtækjasamstæðu sem félagið heyrði undir.

III. Helstu málsástæður kæranda

1.

Kærandi byggir í fyrsta lagi á því að Skipti geti ekki talist vera aðili máls í skilningi stjórnarsýsluréttar, að því máli sem hér um ræðir. Til að teljast aðili máls samkvæmt stjórnarsýslurétti verði viðkomandi aðili að eiga lögmætra hagsmuna að gæta varðandi stjórnvaldsákvörðun. Í hinni kærðu ákvörðun hafi hvergi verið bent á eða rökstutt hvaða hagsmunir Skipta geti talist einstaklegir, beinir, lögvarðir eða verulegir. Í málinu sé PFS í raun aðeins að sinna eftirlitshlutverki sínu og kanna hjá tveim lögaðilum, þ.e. kæranda og Landsvirkjun, hvort þeir uppfylli skilyrði laga um fjárhagslegan aðskilnað. Málinu sé ekki beint að Skiptum enda sé félagið ekki tengt Landsvirkjun eða kæranda né fjárhagslegum aðskilnaði þeirra.

Kærandi kveður Skipti eingöngu halda því fram að um samkeppnishagsmuni sé að ræða þar sem kærandi sé í samkeppni við Mílu ehf. (Míla), dótturfélag Skipta. Kærandi kveður því hafa verið haldið fram í stjórnarsýslurétti að samkeppnishagsmunir einir sér leiði ekki til þess að fyrirtæki séu aðilar máls er varða samkeppnisaðila þeirra. Kærandi telur því að Skipti hafi ekki sýnt fram á hvaða hagsmunir félagsins eða dótturfélaga réttlæti aðild eða aðgang að gögnum. Ekki hafi verið sýnt fram á að félagið hafi orðið fyrir tjóni vegna mála er varði fjárhagslegan aðskilnað kæranda og Landvirkjunar. Kærandi hafi meiri hagsmuni af því að Skipti fái ekki aðgang að umræddum gögnum eða eigi aðild að málinu, heldur en hagsmunir Skipta séu af því að eiga aðild og fá gögnin afhent.

2.

Kærandi dregur einnig í efa að skoðun PFS á fjárhagslegum aðskilnaði Landsvirkjunar og kæranda geti talist stjórnarsýslumál í skilningi stjórnarsýslulaga. Kærandi telur PFS einungis vera að sinna eftirlitshlutverki sínu og kalli við það

eftirlit eftir tilteknum upplýsingum. Stofnunin sé ekki að kveða á um réttindi og skyldur aðila með stjórnsýsluákvörðun.

Kærandi vill einnig benda á að fallist úrskurðarnefnd á þann skilning að fyrirspurn eða skoðun PFS á fjárhagslegum aðskilnaði teljist stjórnsýslumál sem Skipti eigi aðild að, sé nefndin að skapa varhugavert fordæmi. Að mati kæranda fæli slíkt í sér að við athuganir PFS á fjárhagslegum aðskilnað skv. 36. gr. yrði að líta á keppninauta þess, sem sé til skoðunar hverju sinni, sem aðila máls og eiga þar með rétt á aðgangi að gögnum keppnautar síns.

Þá vísar kærandi í niðurstöðu úrskurðar úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála nr. 79/2009 þar sem hafnað hafi verið aðild eigenda fasteigna í byggingu að úttektum og eftirliti byggingaryfirvalda með þeim rökum að umrædd ákvæði lytu að vörslu almannahagsmuna. Ekki yrði af ákvæðunum ráðið að eigendur fasteigna eignist lögvarinn rétt til aðildar að úttekt sem framkvæmd væri af byggingarfulltrúa.

3.

Kærandi byggir að lokum á því að hin kærða ákvörðun sé byggð á úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 8/2006, en í því máli hafi PFS komist að þeirri niðurstöðu að Síminn ætti ekki aðild að máli er varðaði skoðun PFS á fjárhagslegum aðskilnaði Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Gagnaveitunnar og hafnað aðild. Meirihluti úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála hafi aftur á móti talið að Síminn ætti aðild að málinu og þar hafi nefndin vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 83/2003 en minnihluti nefndarinnar, einn nefndarmaður, hafi viljað staðfesta ákvörðun PFS. Kærandi telur rökstuðning meirihluta nefndarinnar í máli nr. 8/2006 vera rýran og að fordæmisgildi úrskurðarins sé lítið og því verði að endurskoða mat PFS í hinni kærðu ákvörðun.

IV. Helstu málsástæður PFS

PFS bendir á að niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar hafi verið þrískipt og að kærandi hafi aðeins kært fyrsta og þriðja lið hennar, þ.e. að eftirlit PFS með fjárhagslegum aðskilnaði Fjarska væri stjórnsýslumál og að Skipti ætti aðild að því máli. PFS telur að vísa beri frá kröfu kæranda, um að aðild og aðgangur að gögnum verið takmarkaður, þar sem PFS hafi ekki tekið neina kæranlega ákvörðun um aðgang Skipta að gögnum málsins. PFS bendir einnig á að aðild geti ekki verið takmörkuð, annaðhvort hafi félagið aðildarstöðu eða ekki og sé félagið aðili máls þá fyrst geti komið til þess að aðgangur að gögnum sé takmarkaður skv. 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Hvað varðar hagsmuni Skipta þá hafi PFS lagt heildstætt mat á hagsmuni og tengsl Skipta á grundvelli þess hvort félagið gæti talist eiga beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinnar hagsmuna að gæta og m.a. hafi verið horft til sambærilegs máls Símans og OR. Þar hafi úrskurðarnefnd árið 2006 talið að Síminn ætti aðild. PFS taldi í hinni kærðu ákvörðun að bæði OR og kærandi tilheyrðu fyrirtækjasamstæðum sem stunduðu einnig verndaða starfsemi á sviði orkuvinnslu, dreifingar og sölu. Bæði OR og kærandi væru í samkeppni við Mílu, dótturfélag Skipta, í sölu á fjarskiptasamböndum á leigulínunörkuðum annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni. PFS telur að Skipti hafi verulega hagsmuni af því að fjarskiptastarfsemi Fjarska sé ekki fjármögnuð með óeðlilegum hætti eða niðurgreidd með tekjum af verndaðri starfsemi, sbr. 36. gr. fjarskiptalaga.

PFS er ósammála kæranda um að Skipti verði að sanna tjón til að geta átt aðild að málinu. Miklar líkur séu á að fjarskiptafyrirtæki verði fyrir tjóni ef keppinautur þess niðurgreiðir starfsemi sína með tekjum af sérleyfis- eða verndaðri starfsemi.

Hvað varðar röksemdir kæranda um að samkeppnishagsmunir einir sér geti ekki leitt til aðildar að máli er varðar keppinauta, þá vill PFS benda á að þegar um fákeppnismarkað sé að ræða, eins og í máli þessu, þá eigi sú meginregla ekki við, sbr. fyrrnefndan úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 8/2006 um aðild Símans.

Hvað varðar aðgang Skipta að gögnum bendir PFS á að Míla sé með markaðsráðandi stöðu á leigulínunörkuðum gagnvart Fjarska á landsbyggðinni en í úrskurði úrskurðarnefndar nr. 8/2006 átti GR í hlut gagnvart Mílu á höfuðborgarsvæðinu og taldi nefndin að sú staðreynd skipti máli og PFS væri bundin af því. Þá sé ekki rétt hjá kæranda að ákvörðunin sem tekin verði varði aðeins réttindi og skyldur Landsvirkjunarsamstæðunnar. Skyldur sem hugsanlega yrðu lagðar á kæranda varða einnig hagsmuni Mílu, helsta keppinaut kæranda á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína á landsbyggðinni. Hagsmunir Mílu snúast m.a. um það að Landsvirkjun hafi ekki möguleika á að niðurgreiða fjarskiptaþjónustu kæranda með einkaréttar- eða sérleyfistekjum.

PFS kveður úrskurð úrskurðarnefndar nr. 8/2006 hafa verið fordæmisgefandi við úrslau málsins og hafi klofningur úrskurðarnefndar að mati PFS ekki veikt fordæmisgildi hans. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 83/2003 hafi líka verið hafður til hliðsjónar.

PFS vill áréttta að eftirlit stofnunarinnar með fjárhagslegum aðskilnaði samkvæmt 36. gr. sé stjórnslumál og varði ekki þjónustustarfsemi hins opinbera, einkaréttarlega samninga eða almenn stjórnvaldsfyrirmæli enda gildi stjórnslulög ekki um slíka samninga eða fyrirmæli.

Loks vill PFS benda á að með hinni kærðu ákvörðun sé ekki verið að setja fordæmi sem feli það sjálfkrafa í sér að í öllum málum er varði fjárhaglegan aðskilnað skv. 36. gr. fjarskiptalaga eigi keppinautar þess fyrirtækis sem til skoðunar sé hverju sinni aðild að slíku máli. Aðild fari eftir heildarmati á hagsmunum aðila í hverju máli. Sú staðreynd að um fákeppnismarkað var að ræða í máli kæranda og í úrskurði úrskurðarnefndar hafi ráðið úrslitum.

V. Athugasemdir Skipta

Skiptum hf. var send kæra kæranda til athugasemda og bærust þær þann 16. nóvember 2010.

Skipti áréttar aðild sína að stjórnslumáli er varði kröfu félagsins um eftirfylgni við fjárhagslegan aðskilnað kæranda svo og kröfu um að kærandi birti ósamandreginn ársreikning og krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Einnig er þess krafist að varakröfu kæranda verði vísað frá enda fjalli hin kærða ákvörðun ekki um afhendingu gagna til Skipta heldur um aðild félagsins að málinu. Til vara er þess krafist að varakröfu kæranda verði hafnað.

Skipti hafnar því að þurfa að sýna fram á að félagið hafi orðið fyrir eða muni verða fyrir tjóni vegna samkeppnisbrota til að geta átt aðild. Í erindi Skipta til PFS hafi verið gerðar þær kröfur að PFS setti kæranda skilyrði skv. 36. gr. fjarskiptalaga til að koma mætti í veg fyrir ólögmetar niðurgreiðslur úr einkaleyfishluta fyrirtækjasamstæðu þeirri sem kærandi tilheyri. Skipti sem móðurfélag fjarskiptafyrirtækja sem séu í samkeppni við kæranda í sölu á fjarskiptasamböndum á leigulínumarkaði, eigi beinna, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta af því að fjarskiptastarfsemi kæranda sé ekki niðurgreidd með tekjum af verndaðri starfsemi.

Skipti bendir einnig á úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 8/2006 um aðild í sambærilegu máli svo og fyrirnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 83/2003. Umræddur úrskurður sé bindandi fyrir PFS og fordæmisgefandi í sambærilegum málum fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

VI. Niðurstöður

1.

Í málinu liggur fyrir að PFS hefur hafið rannsókn á því hvort ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi eigi við um kæranda, sem er dótturfélag Landsvirkjunar. Í máli þessu er deilt um hvort fyrirtækið Skipti, móðurfélag Mílu og Símans, geti talist aðili í skilningi stjórnarsýsluréttar að því máli og þannig átt þann rétt til aðgangs að gögnum sem 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 færa aðila máls, sbr. einnig 16. og 17. gr. laganna.

Í 36. gr. fjarskiptalaga er mælt fyrir um að fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almennt fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptabjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skuli halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi. Markmið þeirrar rannsóknar sem PFS hefur hafið gagnvart kæranda er að ganga úr skugga um hvort ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga eigi við um hann og hvort umrædd fyrirtækjasamstæða skuli halda þeirri fjarskiptastarfsemi, sem fram fer innan kæranda, fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi samstæðunnar. Umræddri rannsókn getur lokið með ákvörðun PFS um að skilyrði 36. gr. séu fyrir hendi og eftir atvikum með hvaða hætti hinn fjárhagslegi aðskilnaður, sem þar er mælt fyrir um, skuli fara fram. Að mati úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála er því ljóst að umræddri rannsókn getur lokið með því að PFS kveði á um rétt og/eða skyldu kæranda eða þeirrar samsteypu sem hann tilheyrir. Verður því að mati nefndarinnar ekki litið öðruvísi á en svo, að með rannsókn sinni hafi PFS hafið stjórnarsýslumál, sem eftir atvikum mun ljúka með stjórnarsýsluákvörðun. Sú staðreynd að með umræddri rannsókn sé PFS að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu breytir að mati nefndarinnar engu um þá niðurstöðu, enda sinnir stofnunin því eftirlitshlutverki sínu með því m.a. að reka stjórnarsýslumál og taka stjórnarsýsluákvæðanir. Verður því ekki fallist á þau rök kæranda að ekki sé um stjórnarsýslumál að ræða.

2.

Kærandi hafnar því að Skipti eigi aðild að því máli PFS sem hér er til umfjöllunar. Það eitt að Skipti hafi upphaflega óskað eftir því við PFS að stofnunin skoðaði hvort 36. gr. fjarskiptalaga ætti við eða krefðust beitingar ákvæðisins gagnvart kæranda valdi því ekki sjálfkrafa að Skipti verði aðilar málsins. Þá eigi Skipti ekki hagsmuni af málinu enda sé félagið ekki tengt Landsvirkjun eða kæranda né fjárhagslegum aðskilnaði félaganna. PFS telur hins vegar að Skipti eigi beina, verulega, sérstaka og lögvarinna hagsmuna að gæta og sé því aðili að málinu.

Kærandi er tvímælalaust aðili þess stjórnssýslumáls sem til meðferðar er hjá PFS og er nú til skoðunar fyrir nefndinni. Lögskýringargögn með stjórnssýslulögum gefa til kynna að aðildarhugtak í stjórnssýslumálum beri að skýra rúmt, þannig að ekki sé einungis átt við þá, sem eiga beina aðild að máli heldur einnig þá sem hafa óbeinna hagsmuna að gæta. Í stjórnssýslurétti er sá almennt talinn aðili að máli, sem á einstaklegra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta. Þeir, sem bera fram kærur eða kvartanir, eru yfirleitt taldir aðilar að stjórnssýslumáli, en það er hins vegar ekki einhlítt, enda þurfa þeir jafnframt að eiga einstaklegra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta.

Það stjórnssýslumál sem kæra þessi lýtur að miðar að því að rannsaka hvort ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga um fjárhagslegan aðskilnað eigi við. Í ákvæðinu er mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli fjarskiptastarfsemi og starfsemi sem nýtur einka- eða sérrettinda á öðru sviði. Er markmið ákvæðisins að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur á sviði fjarskipta sé niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi og með því sé samkeppnisstaða annarra fyrirtækja skert. Þannig búa m.a. hagsmunir keppinauta að baki umræddu ákvæði.

Fjarskiptaþjónusta kæranda felst annars vegar í sölu á bandbreidd og hins vegar í sölu á fjarskiptaaðstöðu eða hýsingu. Kærandi starfar eingöngu á fyrirtækjamarkaði eða í heildsölu. Míla er dótturfélag Skipta og sér um rekstur fjarskiptanets en fjarskiptakerfi Mílu byggist upp á tveimur meginkerfum, stofnneti og aðgangsneti. Kærandi keppir við Mílu á stofnnetismarkaði í fjarskipta- og hýsingarþjónustu og er kærandi eina fjarskiptafyrirtækið sem er í samkeppni við Mílu í dreifbýli á markaði 14 (markaður fyrir leigulínur í stofnneti). Bæði kærandi og OR eru í samkeppni við Mílu í sölu á fjarskiptasamböndum á leigulínumörkuðum, OR keppir við Mílu á höfuðborgarsvæðinu en kærandi er keppinautur Mílu á landsbyggðinni. Aðrir minni staðbundnir aðilar stunda slíka starfsemi á afmörkuðum svæðum en almennt ríkir fákeppni á þeim svæðum þar sem kærandi og Míla bjóða bæði fram þjónustu.

Með vísan til framangreinds lítur úrskurðarnefndin svo á að Skipti hafi í gegnum dótturfélag sitt, Mílu, augljósa samkeppnishagsmunir af því að kærandi starfi í samræmi við þau lög sem marka félaginu ramma í samkeppnisstarfsemi sinni. Í þessu tilviki lítur úrskurðarnefndin svo á að samkeppnishagsmunir Skipta / Mílu séu bæði einstaklegir, verulegir og lögmætir, og er við það mat m.a. litið til eðlis umrædds ákvæðis og fjölda fyrirtækja á viðkomandi mörkuðum.

3.

Af hálfu kæranda er á því byggt að Skipti hafi ekki sýnt fram á hverjir séu hagsmunir fyrirtækisins eða dótturfélaga þess af því að fá aðgang að gögnum er málið varða. Kærandi eigi veigameiri hagsmuni af því að Skipti fái ekki aðgang að umræddum gögnum heldur en hagsmunir Skipta séu af því að eiga aðild og fá gögnin afhent. Úrskurðarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að Skipti eigi bæði einstaklega, verulega og lögmæta hagsmuni í skilningi stjórnslulaga af því máli sem til meðferðar er hjá PFS. Þegar litið er til hagsmuna kæranda varðandi aðgang Skipta að gögnum málsins verður að líta til þeirrar verndar, sem hann nýtur samkvæmt 17. gr. stjórnslulaga, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 83/2003, sem aðilar hafa báðir vísað til. Sú niðurstaða sem hér liggur fyrir lýtur eingöngu að því hvort Skipti teljist aðili að því stjórnslumáli sem snýr að beitingu 36. gr. fjarskiptalaga gagnvart kæranda vegna einstaklegra, verulegra og lögmætra hagsmuna Skipta af niðurstöðu í málinu. Eftir er að meta hvaða gögnum á að veita Skiptum aðgang að og hvaða gögn njóti verndar 17. gr. stjórnslulaga. Við það mat ber að skoða hvort hagsmunir Skipta af því að notfæra sér vitneskju úr gögnunum skuli víkja fyrir ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Kemur þá m.a. til skoðunar eðli upplýsinganna og markaðsstaða aðilanna, sem og eftir atvikum sjónarmið um óheimil upplýsingaskipti keppinauta, sbr. m.a 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með vísan til alls framangreinds ber því að staðfesta ákvörðun PFS um að Skipti eigi aðild að því stjórnslumáli PFS sem lýtur að fjárhagslegum aðskilnaði kæranda frá öðrum hlutum Landsvirkjunarsamsteypunnar.

Þar sem ekki liggur fyrir stjórnsluákvörðun PFS um aðgang Skipta að umræddum gögnum eða um umfang þess aðgangs, mun úrskurðarnefnd ekki taka afstöðu til varakröfu kæranda um takmörkun á aðgangi að gögnum málsins. Varakröfu kæranda um að aðild Skipta og aðgangur félagsins að gögnum verði takmarkaður við upplýsingar er varði ekki fjárhags-, viðskipta-, eða samkeppnislega hagsmuni kæranda, er því vísað frá nefndinni.

Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

VII. Úrskurðarorð


Ákvörðun PFS nr. 27/2010, um að Skipti hf. eigi aðild að máli PFS um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri Fjarska ehf., er staðfest.


Varakröfu kæranda um takmörkun á aðgangi Skipta að upplýsingum er vísað frá nefndinni.

Málskostnaður nefndarinnar, 582.000 kr., greiðist af kæranda að frádregnu málskotsgjaldi 150.000 kr.

Reykjavík, 5. janúar 2011


Jóna Björk Helgadóttir


Brynja I. Hafsteinsdóttir


Kirstín Þ. Flygenring